

Ed.

598. Frumvarp til laga

[120. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. febr.)

1. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar skjal, er varðar skrásetta bifreið, er móttækið til þinglýsingar skal þinglýsingardómari senda Bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um móttöku slíks skjals. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þessara tilkynninga og færslu í ökutækjaskrá.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla orðist svo:

Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.

3. gr.

43. gr. orðist svo:

Skjali, er varðar skrásett skráningarskyld skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar sem skipið er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

4. gr.

Orðin „og í bifreið“ í 44. gr. falli niður.

5. gr.

45. gr. orðist svo:

Nú er skráð skráningarskyld skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl sem í gildi eru um skipið en staðfest endurrit eða ljósrít ef um er að ræða skjöl sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný en dómaraum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests er greinir í 5. mgr. 7. gr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.

6. gr.

Fyrirsögn VII. kafla orðist svo:

Þinglýsing er varðar lausafé almennt, þar á meðal skip sem ekki eru skráningarskyld og skip sem ekki hafa verið skrásett.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 47. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú er þinglýst skjali er varðar skrásetta bifreið og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í ökutækjaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.